

Miðvikudaginn 28. febrúar 1990.

Nr. 100/1989. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Aðalsteini Ísfjörð Sigurpálssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Skjalafals. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi að ósk ákærða með stefnu 7. mars 1989, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Staðfesta ber hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans, þó þannig, að refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Ísfjörð Sigurpálsson, sæti fangelsi í sex mánuði. Fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingunni og sá hluti hennar niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Húsavíkur 17. febrúar 1989.

Ár 1989, föstudaginn 17. febrúar, er á dómþingi sakadóms Húsavíkur, sem haldið er á sýsluskrifstofunni á Húsavík af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 547/1988: Ákærvaldið gegn Aðalsteini Ísfjörð Sigurpálssyni, sem dómtekið var þann 23. janúar sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali, dagsettu 1. júní 1988, á hendur ákærða, „...Aðalsteini Ísfjörð Sigurpálssyni múrarameistara, Baughóli 19, Húsavík, fæddum 13. febrúar 1947 á Húsavík, fyrir fjársvik og skjalafals með því að hafa á árunum 1984 til 1988 framvísað til greiðslu og fengið greiddan hjá Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, eftirtalinn 71 vinnureikning sem ákærði útbjó ásamt fylgireikningum yfir verk sem hann vann ekki, og falsað á þá nöfn starfsmanna kaupfélagsins, þeirra Helga Sigurðssonar, Ketilsbraut 18, Sigmars Péturs Mikaelssonar, Holtagerði 16, Hauks Haraldssonar, Reykjaheiðarvegi 4, og Hlífars Karlssonar, Höfða-vegi 24, allra á Húsavík, sem samþykkjenda verksins:

*Reikningar á Brauðgerð Kaupfélags Þingeyinga.**1984:*

- | | |
|--|------------|
| 1. Reikningur nr. 124 frá 12.11., að fjárhæð | kr. 18.910 |
| 2. Reikningur nr. 158 frá 28.12., að fjárhæð | kr. 4.572 |

1985:

- | | |
|---|---------------|
| 3. Reikningur nr. 169 frá 16.2., að fjárhæð | kr. 18.524,15 |
| 4. Reikningur nr. 202 frá 30.4., að fjárhæð | kr. 9.074 |
| 5. Reikningur nr. 238 frá 17.-23.7., að fjárhæð | kr. 21.256 |
| 6. Reikningur nr. 252 frá 1.9., að fjárhæð | kr. 14.666 |
| 7. Reikningur nr. 266 frá 1.10., að fjárhæð | kr. 10.529 |
| 8. Reikningur nr. 280 frá 1.11., að fjárhæð | kr. 17.986 |
| 9. Reikningur nr. 292 frá 15.12., að fjárhæð | kr. 7.539 |

1986:

- | | |
|--|------------|
| 10. Reikningur nr. 327 frá 15.2., að fjárhæð | kr. 16.345 |
| 11. Reikningur nr. 338 frá 31.3., að fjárhæð | kr. 17.571 |
| 12. Reikningur nr. 376 frá 1.6., að fjárhæð | kr. 11.392 |
| 13. Reikningur nr. 397 frá 1.7., að fjárhæð | kr. 16.689 |

1987:

- | | |
|--|------------|
| 14. Reikningur nr. 531 frá 1.6., að fjárhæð | kr. 29.923 |
| 15. Reikningur nr. 535 frá 14.1., að fjárhæð | kr. 15.899 |
| 16. Reikningur nr. 544 frá 5.2., að fjárhæð | kr. 28.834 |
| 17. Reikningur nr. 547 frá 13.3., að fjárhæð | kr. 29.526 |

18. Reikningur nr. 591 frá 29.5., að fjárhæð	kr. 20.167
19. Reikningur nr. 685 frá 15.12., að fjárhæð	kr. 28.095

1988:

20. Reikningur nr. 691 frá 16.1., að fjárhæð	kr. 17.856
21. Reikningur nr. 719 frá 1.2., að fjárhæð	kr. 24.524

Á ofangreinda reikninga samkvæmt tölulíðum 1-21 falsaði ákærði nafnritunina Helgi Sig. sem samþykkan.

*Reikningar á Kaupfélag Þingeyinga, sláturhús, verslunarhús og frystihús.**1985: Sláturhús:*

22. Reikningur nr. 281 frá 1.11., að fjárhæð	kr. 21.695
--	------------

1987: Sláturhús:

23. Reikningur nr. 552 frá 27.2., að fjárhæð	kr. 20.444
24. Reikningur nr. 564 frá 7.4., að fjárhæð	kr. 16.252
25. Reikningur nr. 596 frá 15.6., að fjárhæð	kr. 18.370
26. Reikningur nr. 606 frá 30.7., að fjárhæð	kr. 13.676

Verslunarhús árið 1985:

27. Reikningur nr. 279 frá 1.11., að fjárhæð	kr. 8.610
--	-----------

Frystihús árið 1987:

28. Reikningur nr. 545 frá 8.2., að fjárhæð	kr. 24.854
---	------------

Á ofangreinda reikninga samkvæmt tölulíðum 22-28 falsaði ákærði nafnritunina Sigmar M. sem samþykkan.

*Reikningar á Mjólkursamslag Kaupfélags Þingeyinga.**1984:*

29. Reikningur nr. 157 frá 28.12., að fjárhæð	kr. 29.168
---	------------

1985:

30. Reikningur nr. 153 frá 14.1., að fjárhæð	kr. 29.413
31. Reikningur nr. 164 frá 1.2., að fjárhæð	kr. 29.325
32. Reikningur nr. 198 frá 16.4., að fjárhæð	kr. 30.379
33. Reikningur nr. 201 frá 30.4., að fjárhæð	kr. 30.888,30
34. Reikningur nr. 210 frá 29.5., að fjárhæð	kr. 30.440
35. Reikningur nr. 224 frá 19.6., að fjárhæð	kr. 33.250

36. Reikningur nr. 227 frá 1.7., að fjárhæð	kr. 35.024
37. Reikningur nr. 230 frá 15.7., að fjárhæð	kr. 31.259,20
38. Reikningur nr. 239 frá 28.7., að fjárhæð	kr. 32.350
39. Reikningur nr. 253 frá 1.9., að fjárhæð	kr. 35.250
40. Reikningur nr. 269 frá 1.10., að fjárhæð	kr. 31.541
41. Reikningur nr. 273 frá 16.10., að fjárhæð	kr. 46.118
42. Reikningur nr. 284 frá 15.11., að fjárhæð	kr. 39.228
43. Reikningur nr. 286 frá 1.12., að fjárhæð	kr. 30.242
44. Reikningur nr. 297 frá 22.12., að fjárhæð	kr. 49.201

1986:

45. Reikningur nr. 303 frá 15.4., að fjárhæð	kr. 33.774
46. Reikningur nr. 318 frá 3.2., að fjárhæð	kr. 22.228
47. Reikningur nr. 326 frá 15.2., að fjárhæð	kr. 25.575
48. Reikningur nr. 366 frá 15.5., að fjárhæð	kr. 38.643
49. Reikningur nr. 373 frá 1.6., að fjárhæð	kr. 39.024
50. Reikningur nr. 385 frá 10.7., að fjárhæð	kr. 43.073
51. Reikningur nr. 416 frá 12.8., að fjárhæð	kr. 35.675
52. Reikningur nr. 438 frá 29.9., að fjárhæð	kr. 27.808
53. Reikningur nr. 456 frá 1.9., að fjárhæð	kr. 26.448
54. Reikningur nr. 464 frá 15.9., að fjárhæð	kr. 37.082
55. Reikningur nr. 472 frá 14.11., að fjárhæð	kr. 48.732
56. Reikningur nr. 516 frá 15.12., að fjárhæð	kr. 43.791

1987:

57. Reikningur nr. 541 frá 1.2., að fjárhæð	kr. 54.998
58. Reikningur nr. 548 frá 13.3., að fjárhæð	kr. 31.248
59. Reikningur nr. 551 frá 27.2., að fjárhæð	kr. 36.296
60. Reikningur nr. 565 frá 14.4., að fjárhæð	kr. 45.964
61. Reikningur nr. 577 frá 14.5., að fjárhæð	kr. 54.340
62. Reikningur nr. 587 frá 27.5., að fjárhæð	kr. 46.034
63. Reikningur nr. 590 frá 29.6., að fjárhæð	kr. 33.280
64. Reikningur nr. 601 frá 12.7., að fjárhæð	kr. 47.128
65. Reikningur nr. 608 frá 30.7., að fjárhæð	kr. 51.339
66. Reikningur nr. 613 frá 30.9., að fjárhæð	kr. 26.304
67. Reikningur nr. 617 frá 14.8., að fjárhæð	kr. 64.220
68. Reikningur nr. 620 frá 27.8., að fjárhæð	kr. 50.971
69. Reikningur nr. 666 frá 15.11., að fjárhæð	kr. 55.902
70. Reikningur nr. 675 frá 30.11., að fjárhæð	kr. 61.895
71. Reikningur nr. 682 frá 29.12., að fjárhæð	kr. 62.509

Á ofangreinda reikninga samkvæmt tölulíðum 29-31 falsaði ákærði nafnritunina Haukur Haraldsson og samkvæmt tölulíðum 32-71 nafnritunina Hlífkar Karlsson sem samþykka.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 155. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar...“

Verjandi ákærða hefur krafist þess, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að refsingin verði skilorðsbundin, en auk þess málsvarnarlauna úr hendi ríkissjóðs. Dómari veitti verjanda ákærða, Örylgi Hnefli Jónssyni, frest til 1. desember sl. til að skila inn vörn í málinu, og barst dómara vörnin í hendur þann 19. janúar sl.

Málavextir.

Málavextir eru þessir skv. framburði ákærða, vitna og öðru því, sem fram er komið í málinu.

Með bréfi, dags. 6. maí sl., undirrituðu af Hlífari Karlssyni, starfsmanni Kaupfélags Þingeyinga, var sýslumanni Þingeyjarsýslu tilkynnt um, að grunur væri á, að Aðalsteinn Ísfjörð Sigurpálsson, sem er ákærði í málinu, hefði svikið út fé úr kaupfélaginu með því að falsá reikninga.

Við rannsókn málsins lagði rannsóknarlögregla ríkisins hald á bókhaldsgögn ákærða, og kom í ljós, að í þessum gögnum var m.a. að finna afrit af öllum útskrifuðum reikningum á Kaupfélag Þingeyinga á tímabilinu 1984-1987, og voru reikningarnir allir í númeraröð, merktir með fylgiskjalnúmeri. Í þessum gögnum var einnig afrit af sjóðsbók, og kom í ljós, að allir nefndir reikningar, bæði réttir og tilbúnir, voru tekjufærðir og komu fram í sjóðsbókinni.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins þann 10. og 11. maí sl. og fyrir dómi þann 14. september sl. hefur ákærði greiðlega játað brot sitt, þ.e. að hafa, eins og tilgreint er í ákæru, á árunum 1984 til 1988 útbúið 71 vinnureikning ásamt fylgireikningum yfir verk, sem ákærði vann ekki, framvísað þeim til greiðslu og fengið þá greidda hjá Kaupfélagi Þingeyinga, Húsavík, eftir að hafa falsað á reikningana nöfn starfsmanna kaupfélagsins sem samþykkjenda fyrir verkunum.

Samtals eru reikningarnir að fjárhæð kr. 2.191.135,65.

Ákærði hefur skýrt svo frá við yfirheyrslur, að hann hafi átt við verulega fjárhagsörðugleika að stríða á nefndu tímabili. Ákærði er múrari að atvinnu og kvað atvinnumöguleika fyrir menn í hans iðn hafa minnkað töluvert á árinu 1984. Hafi hann á því ári ráðist í að kaupa steinsög fyrir u.þ.b.

1.000.000 kr. til að auka á möguleika sína til vinnu, en lent í vandræðum við að standa skil á afborgunum af söginni. Ákærði kvað brot sín hafa byrjað með því, að hann hafi unnið verk fyrir kaupfélagið, en þar sem erfiðlega gekk að ná í þá aðila, sem samþykkt gátu reikninga fyrir þessi verk hans, hafi hann nokkrum sinnum brugðið á það ráð að rita sjálfur nöfn viðkomandi kaupfélagsmanna á reikningana. Þetta hafi síðan þróast þannig, að hann síðar falsaði þá reikninga, sem nú er ákært fyrir, án þess að vinna lægi að baki reikningunum.

Vitnin Helgi Sigurðsson, bakameistari og deildarstjóri í brauðgerð kaupfélagsins, Hlífur Karlsson, mjólkurbússtjóri í mjólkursamlagi kaupfélagsins, Sigmar Pétur Mikaelsson, trésmiðameistari og starfsmaður kaupfélagsins, og Haukur Haraldsson, verkstjóri í mjólkursamlagi kaupfélagsins, voru yfirheyrð af RLR dagana 9. og 10. maí sl., en fyrir dómi þann 14. október og 1. nóvember sl.

Vitnið Helgi Sigurðsson, Ketilsbraut 18, Húsavík, kvað ákærða lítið sem ekkert hafa unnið fyrir brauðgerð Kaupfélags Þingeyinga á árunum 1984 og 1985, en árið 1986 hafi ákærði unnið að breytingum á búð brauðgerðarinnar. Kannaðist það ekki við að hafa undirritað þá reikninga, sem merktir eru nr. 1-21 í ákæru, hér að framan.

Vitnið Haukur Haraldsson, Reykjaheiðarvegi 4, Húsavík, skýrði svo frá, að það kannaðist ekki við að hafa ritað nafn sitt á reikninga, sem tölusettir eru nr. 29-31 í ákæru, en hins vegar kvaðst vitnið fyrir dómi ekki geta fullyrt, hvort nafnritunin á reikningi nr. 157 væri fölsuð (reikningur tölusettur nr. 29 í ákæru). Vitnið sagði varla þann dag líða, er annaðhvort það eða mjólkurbússtjórinn, Hlífur Karlsson, væru ekki við til að undirrita ýmiss konar reikninga. Vitnið kvaðst hins vegar ekki geta fullyrt um það, hvort vinna ákærða í þágu kaupfélagsins væri að baki reikningunum að einhverju leyti, en hins vegar væri víst, að ákærði hefði ekki unnið öll þau verk, sem reikningarnir segja til um, og að reikningarnir væru ekki nákvæmir að þessu leyti.

Vitnið Sigmar Mikaelsson, Holtagerði 16, Húsavík, kvaðst við yfirheyrslur vera þess fullviss, að ákærði hefði falsað nafn vitninsins á þá reikninga, sem ákært er fyrir. En vitnið er trésmiður, sem sér um viðhald fyrir kaupfélagið, og kvaðst hafa verið með ákærða í þau skipti, sem ákærði vann fyrir fyrirtækið.

Vitnið Hlífur Karlsson mjólkurbússtjóri, Höfðavegi 24, Húsavík, kvaðst á árinu 1987 ekki hafa undirritað nema 7-8 reikninga frá ákærða. Hins vegar treysti vitnið sér ekki til að segja til um, hversu mikið ákærði vann fyrir kaupfélagið á árunum 1985 og 1986. Voru vitninu sýndir ýmsir reikningar. Vitnið kvaðst, eftir að hafs skoðað reikningana, ekki kannast við undirritun á eftirtöldum reikningum, sem ákært er vegna: reikningum nr.

608, 617, 565, 601, 620, 613, 666, 675, 682, 551, 577, 587, 590, 516, 472, 438, 464, 416, 303 og 326. Þá kvaðst vitnið kunna að hafa ritað nafn sitt á reikninga nr. 456, 385, 366, 373, 318, 286, 273 og 269. Ekki kvaðst vitnið treysta sér til að staðfesta nafnritun á reikninga nr. 210, 224, 297, 253, 239, 230, 201 og 198. Ekki kvaðst vitnið þora að fullyrða neitt um reikninga nr. 541 og 548. Ekki kemur fram í lögregluskýrslu frá 9. maí sl., að vitninu hafi verið sýndir reikningar nr. 227 og 284, en á þeim er nafnritunin Hlífur Karlsson. Vitninu voru einnig sýndir nefndir reikningar í yfirheyrslu fyrir dómi þann 1. nóvember sl. Sagði vitnið, að vegna þess, hve reynt hafi verið að líkja eftir undirskrift sinni, þá væri erfitt að fullyrða um hvern einstakan reikning.

Ákærða hafa í yfirheyrslu fyrir dómi og hjá RLR verið sýndir reikningarnir, hver um sig sérstaklega, og sagði ákærði þá falsaða, eins og að framan greinir.

Niðurstöður.

Með játningu ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærskjali.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann á árinu 1965 sektaður um 100 kr. fyrir brot gegn 2. mgr. 17. gr. þágildandi umferðarlaga.

Fram hefur komið í málinu, að ákærði hefur endurgreitt Kaupfélagi Þingeyinga nokkuð af því fé, sem um er að ræða í máli þessu, og lagt fram tryggingar fyrir greiðslu eftirstöðva skuldarinnar ásamt vöxtum, og eru engar bótakröfur gerðar í málinu.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar skv. 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Einnig er ákært fyrir brot gegn 248. gr. laga nr. 19/1940, en þar sem ákærði ritar nöfn starfsmanna kaupfélagsins á reikningana og svíkur fé út úr kaupfélaginu með því að framvísa reikningunum til greiðslu, verður að telja, að 1. mgr. 155. gr. laga nr. 19/1940 tæmi hér sök gagnvart 248. gr. sömu laga.

Tekið er tillit til þess við ákvörðun refsingar, að ákærði, sem undan-dráttarlaust játaði brot sitt, hefur ekki gerst áður brotlegur við lög, svo að neinu nemi, og hann gerði upp skuld sína við kaupfélagið með greiðslum eða tryggingum fyrir greiðslum. Hins vegar er brot ákærða stórfellt og á sér stað á löngum tíma. Þykir refsing hans með hliðsjón af því og hinu, sem áður er rakið, hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Örlygs Hnefils Jónssonar hdl., 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Aðalsteinn Ísfjörð Sigurpálsson, sæti fangelsi í 8 mánuði.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Örlygs Hnefils Jónssonar héraðsdómslögmanns, 30.000 krónur.
